



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur
27. september 2012
39. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Bátur mánaðarins
aðeins
439 kr.



Opið
virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22



Á ýtu frá Sandi

Ásvaldur Guðmundsson er staðarhaldarinn á Núpi í Dýrafirði. Hann á að baki fjölbreyttan starfsferil sem ýtumaður með eigin rekstur, bóndi og kvennaskólakennari svo eitthvað sé nefnt. Ásvaldur ræðir við BB um ferilinn og mannlífið í ýtumannadálum. Sjá miðopnu.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐinni
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |



Nýjung frá Bsveinsmade í Hnífsdal

Í Hnífsdal hefur um tveggja ára skeið verið starfrækt lítið fjölskyldufyrirtæki sem hannar og selur hinar vinsælu „Ísafjarðar“ lopapeysur undir nafninu Bsveinsmade. Þótt ekki hafi mikið farið fyrir þeim á auglýsingamarkaði hefur starfsemin vaxið og dafnað og peysurnar verða sífellt vinsælli, og nú hafa klukkustrengir bæst í vöruflórana. Í sumar hefur verið vöruþróun og mun afrakstur erfiðisins koma í búið í dag þegar klukkustrengir, prýddir myndum að íslensku jólasveinunum fara á markað.

„Ég er búin að ganga með hugmyndina af jólasveinunum í tíu ár en aldrei látið verða af því að framkvæma hana fyrr. Núna er þetta loksins komið á markað og boltinn farinn að rúlla,“ segir



Pálmi og Berglind með nýju vöruna.

Berglind Sveinsdóttir, annar eigenda Bsveinsmade.

„Við ætlum að reyna að gefa út tvo á ári, fyrstu koma tveir

núna og svo bætast hinir við jafnt og þétt. Þegar jólasveinarnir þrettán eru komnir munum við svo bæta enn fleiru við og gefa út

löbera og gardínur í stíl.“ Berglind bætir við að næsta ári verði svo von á diskamottum með jólasveinunum þrettán. Það er því heildstæð lína sem mun verða til á endanum.

Það sem merkilegt er við þetta glæsilega framtak er að allir jólasveinarnir eru íslenskir, en það er í fyrsta sinn sem hægt er að fá klukkustrengi með íslensku sveinunum. „Hingað til hafa bara

verið í boði erlendir sveinar, en ekki þessir gömlu góðu íslensku,“ segir Berglind. Ásamt því að mynd prýðir strenginn er hin gamalkunna vísa um hvern svein eftir Jóhannes úr Kötlum.

Til að byrja með verða strengirnir í sölu í handverksbúðinni Karítas og á facebook síðu Bsveinsmade en eigendur fyrirtækisins stefna á smásölu um allt land á næsta ári.

Gámasvæðið verður ekki í miðbænum

„Við höfum fallið frá fyrirhuguðu deiliskipulagi hvað staðsetningu gámana varðar. Það er ómögulegt annað en að hlusta á íbúana á Þingeyri,“ segir Jóhann Birkir Helgason sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar, en bæjaryfirvöld hafa ákveðið að fresta öllum ákvörðunum um staðsetningu sorpgáma í bænum. Áætlað var að komi yrði upp varanlegu sorpgámasvæði í Sjávargötu, við hafnarvogina. Íbúar á Þingeyri mótmæltu þessari ákvörðun.

Aðspurður hvers vegna þessi staðsetning, sem er í hjarta bæjarins, hafi verið ákveðin sem hentugust fyrir gámasvæði segir Jóhann Birkir að vandamál hafi skapast þegar áhaldahús Þingeyrar á Söndum hafi verið selt,

Samanburður á orkuverði

Orkusetur býður nú þeim sem greiða fyrir raforku á samkeppnismarkaði að gera samanburð á milli orkusöluaðila. Raforkureikningar eru tvískiptir, en öllum er frjálst að skipta um orkusöluaðila með einföldum hætti. Dreifing raforku er hinsvegar sérleyfisþáttur og notendur verða að vera í viðskiptum við dreifaðilann í þeirra sveitarfélagi.

Bæjarins besta greindi frá því á dögnum að Orkubú Vestfjarða væri með hæstan kostnað við flutning og dreifingu raforku miðað við 4.000 kWst. notkun á ári, en lægstan kostnað á orkusölu í landinu.

en þar voru gámarnir fyrir. „Þá datt okkur í hug að plássíð sem um ræðir væri hentugt vegna þess að lóðina er ekki hægt að nýta undir húsnæði. Þetta svæði hefur verið notað undir timbur og annað því töldum við vænlegt að setja gáma þangað líka. En við höfum

horfið frá því núna.“

Að sögn Jóhanns er stefna bæjaryfirvöld að því að halda fund með íbúasamtökunum á Þingeyri og komast að niðurstöðu um framtíðarstaðsetningu gámasvæðisins.

– gudmundur@bb.is



Sjálfstæðisflokkurinn

Almennur fundur í fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ verður haldin í félagsheimili flokksins að Hafnarstræti, þriðjudaginn 2. október kl. 19:30.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fulltrúa á fund kjördæmisráðs sem haldin verður í Borgarnesi 13. október þar sem tekin verður ákvörðun um framboðlista til alþingiskosninga í vor.

2. Önnur mál

Stjórn fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ.

Aðstoðarverslunarstjóri

Vínbúðin á Ísafirði leitar að aðstoðarverslunarstjóra

Starfssvið

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Birgðahald og umhirða búðar
- Eftirfylgni við þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum er nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn er æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla af Navision er æskileg

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ - ÞEKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar veita:

Elísabet Sverrisdóttir,
elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinbudin.is





NÝTT! HLEÐSLA MED SÚKKULADIBRAGÐI

**NÚ FÆST HLEÐSLA Í FERNU MED SÚKKULADIBRAGÐI. HLEÐSLA ER
KJÖRIN EFTIR HLAUP, GÓÐA ÆFINGU EÐA BARA Í DAGSINS ÖNN.
HÚN ER GÓÐUR KOSTUR MILLI MÁLA OG ER RÍK AF PRÓTEINUM.
HLEÐSLA Í FERNU HENTAR FLESTUM ÞEIM SEM Hafa
MJÓLKURSYKURSÓÞOL.**



ELÍSABET MARGEIRSDÓTTIR
HLAUPARI OG NÆRINGARFRÆÐINGUR

HLEÐSLA 100%
ÍRÓTTADRYKKUR HÁGÆÐA
PRÓTEIN



Grundskólinn á Ísafirði.

Færri nota hass og maríjúana

Hlutfallslega færri nemendur í áttunda, níunda og tíunda bekk í grunnskólum Ísafjarðarbæjar telja maríjúananotkun og hassnotkun vera hættulega, heldur en á landinu öllu. Athygli vekur að færri nemendur í Ísafjarðarbæ hafa hinsvegar prófað hass eða maríjúana heldur en á landsvísi. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu um hagi og líðan ungs

fólks í Ísafjarðarbæ árið 2012. 81% nemenda í áttunda bekk í Ísafjarðarbæ telur maríjúana hættulegt, 12% nemenda tóku ekki afstöðu og 7% þeirra voru ósammála þeirri fullyrðingu. 77% nemenda í níunda bekk telja það hættulegt, 15% tóku ekki afstöðu og 9% nemenda töldu maríjúana ekki hættulegt.

Í tíunda bekk lækkar talan enn

frekar meðal ungmenna Ísafjarðarbæjar sem telja maríjúana hættulegt, en 67% prósent nemenda eru sammála fullyrðingunni. 17% eru ósammála henni og 15% tóku ekki afstöðu. 74% nemenda í áttunda bekk í Ísafjarðarbæ telja hassnotkun hættulega, 81% í níunda bekk og 78% í tíunda bekk. Er sú tala einnig lægri í Ísafjarðarbæ en á lands-

vísi. 19% nemenda í áttunda bekk tóku ekki afstöðu til fullyrðingarinnar, 15% í níunda bekk og 15% í tíunda bekk. 7% voru ósammála henni í áttunda bekk, 4% í níunda bekk og 7% í tíunda bekk.

Athygli vekur að færri nemendur í Ísafjarðarbæ hafa notað hass eða maríjúana einu sinni eða oftar um ævina, heldur en á

landinu öllu. 4% nemenda í tíunda bekk í Ísafjarðarbæ segjast hafa notað hass eða maríjúana, en 7% á landsvísi. Í níunda bekk segjast 2% nemenda í Ísafjarðarbæ hafa notað hass eða maríjúana, en 3% á landsvísi. Í áttunda bekk hafa 0% nemenda notað hass eða maríjúana, en 2% á landsvísi.

– gudmundur@bb.is

Stöðugildi aukin við Dægradvöl

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur ákveðið að ráða starfsmann í 30% stöðugildi í Dægradvöl á Ísafirði. Aukin aðsókn hefur verið í Dægradvöl umfram það sem hefur verið síðustu ár, en þar dvelja börn eftir skólatíma sé þess vænst af foreldrum eða forráðamönnum. Sótt hefur verið um aðstöðu fyrir 56 börn í Dægradvöl í

haust.

Vinnureglur Dægradvalar eru þar að hver starfsmaður ber ábyrgð á tólf börnum, en búið er að taka inn fjórutíu börn á þrjá starfsmenn og því verður að bæta við starfsmanni. Gert er ráð fyrir því að vistgjöld standi undir auknum launakostnaði, sem er 90.000 krónur á mánuði. – gudmundur@bb.is

Skærðir búsetumöguleika

„Heldur fólk virkilega að þessi skattahækkun muni ekki hafa áhrif á allt þjónustustig? Þótt ferðapjónustan á Vestfjörðum hafi gengið stórslysalaust fyrir sig í sumar, hafa allir áhyggjur af ríkisstjórninni og þeirra ráðagerðum,“ segir Sigurður Atlason formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða og eigandi Galdrasýningarinnar á Ströndum. Sigurður er ósáttur við fyrirhugaða hækkun á virðisaukaskatti á gistinóttum, úr sjö prósentum yfir í 25,5 prósent. Sigurður hefur áður lýst yfir óánægju sína með tillögu stjórnvalda, en bendir nú á áhrif

þess fyrir búsetumöguleika á Vestfjörðum.

Sigurður bendir á að ef fyrirhuguð hækkun verður samþykkt á Alþingi, mun öll þjónusta á Vestfjörðum við heimamenn skerðast. „Þjónustustigið á Vestfjörðum er svona gott vegna þess að sveitarfélögin á svæðinu hafa mjög góðar tekjur yfir sumarmánuðina. Verslunin hér á Hólmavík er gott dæmi um það. Ég er efast um að hér væri jafn gott vöruúrval og góð þjónusta ef ekki væri hér mikil og örugg ferðapjónusta fyrir sumartímann,“ segir Sigurður.

„Lífsgæði heimamanna munu minnka, það er alveg á hreinu. Og þegar lífsgæði minnka þá er meiri hætta á því að fólk flytji búferlum. Ferðapjónusta skapar lífsgæði,“ segir Sigurður, sem nefnir að veitingahúsum myndi meðal annars fækka og að góð ferðapjónusta auki möguleika fólks á að njóta lífsins. „Það er mjög mikilvægt að ferðapjónar á Vestfjörðum láti í sér heyra. Þetta getur ekki gengið eftir.“ Tillagan verður tekin fyrir á Alþingi, sem verður sett að nýju eftir sumarfrí í þessum mánuði.

– gudmundur@bb.is

„Fólk getur fjölgað sér áhyggjulaust“

Dagmæðraplássum í Ísafjarðarbæ fjölga úr 10 í 26 ef fram fer sem horfir að sögn Sigurlínu Jónasdóttur, leikskóla- og daggæslufulltrúa sveitarfélagsins. „Eins og staðan er í dag eru fjórar fullgildar dagmæður á Ísafirði og tvær eru við það að detta inn. Þær munu að öllum líkindum starfa í Hnífsdal og þá verða dagmæður í öllum hverfum Ísa-

fjarðar nema neðst á eyrinni. Oft hefur þetta íþyngt foreldrum sem eru að ljúka fæðingarorlofi en nú er óhætt að segja að fólk geti fjölgað sér áhyggjulaust vegna dagvistunarúrræðis í sinni heimabyggð,“ segir Sigurlína.

Aðspurð um ástæður fyrir fjölgun dagmæðra á svo stuttum tíma segir Sigurlína að margar ástæður liggi þar að baki. „Ísafjarðarbær hækkaði niðurgreið-

slu til dagforeldra um síðustu áramót og svo höfum við auglýst duglega eftir dagforeldrum í vor og sumar. Að öllum líkindum er það að skila sér núna með aukinni þjónustu,“ segir Sigurlína. Dagmæðurnar verðleggja sjálfar þjónustu sína sem er á bilinu 80-90 þúsund krónur fyrir fulla vistun án niðurgreiðslu. „Með aukinni niðurgreiðslu minnkar bygðir foreldra. Dagforeldrar hafa átt

erfitt með að halda rekstrinum gangandi vegna kostnaðar og enginn vill rukka foreldra um himinháar upphæðir fyrir þjónustu sem flestir hafa ekki vól á að hafna,“ segir Sigurlína. Niðurgreiðsla til foreldra í sambúð er 30.000.- kr. fyrir heilt pláss og 40.500.- kr. fyrir afsláttarhópa.

Ólöf Öfjörð, sem hefur starfað sem dagmóðir á Ísafirði undanfarin misseri, segir hækkunina á

niðurgreiðslum hafa verið mikilvæga. „Kostnaður við svona rekstur er mikill og við sem störfum sem dagforeldrar þurfum að skipuleggja öll innkaup vel. Við fáum ekki launaða veikindadaga og ekkert sumarfrí á launum. Börnin sem eru hjá okkur yfir vetrartímann fara yfirleitt á leikskóla á vorin og þá myndast bil sem erfitt er að brúa,“ segir Ólöf.

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 27. - 30. september

samkaupurval.is



25%
afsláttur

verð áður 2.398 kr

1.799 kr/kg

Úrvals nautasnitel

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Spennandi kryddlegir

...sjá uppskriftir á

samkaupurval.is



30%
afsláttur

verð áður 3.279 kr

Úrvals nauta-
innralæri

úr kjötborði eða pakkað ferskt

2.295 kr/kg



30%
afsláttur

verð áður 1.098 kr

769 kr/kg

Mexíkó-kjúklingaleggir

frá Ísfugli

Snöggsteiktar

gulrætur með

appelsínugljáa

...sjá uppskrift

á



50%
afsláttur

verð áður 719 kr

Íslenskar
gulrætur 360 kr/kg



Ódýrt

verð áður 399 kr

299 kr/pk

Spergilkálsblanda 750g

frá Coop



50%
afsláttur

verð áður 139 kr

70 kr/stk

Nýbökuð gróf rúnstykki

frá Myllunni



30%
afsláttur

verð áður 989 kr

Ekta heilsu
fiðkiböllur 692 kr/kg



Vilja kortleggja Ísafjörð

Forsvarsmenn fyrirtækisins OpenStreetMap, sem heldur úti vefnum openstreetmap.org, hafa biðlað til Ísafjarðarbæjar um aðgang af upplýsingum sem tengjast aðalskipulagi og deiliskipulagi bæjarins. Ástæðan er sú að markmið fyrirtækisins er að kortleggja allan heiminn og veita frjálsan aðgang að kortagögnum án endurgjalds. Þegar er Ísafjörður á korti fyrirtækisins, en svo virðist sem tilgangurinn sé að bæta kortið enn frekar.

Hægt verður að setja kortið inn á leiðsögutæki og snjallsíma, en ferðamenn nota slík leiðsagnarkort í miklum mæli. Fyrirtækið byggir á gögnum sem sjálfbodaliðar safna sjálfir eða fá afhent. Úr þeim gögnum eru unnin kort af þeim svæðum sem þau ná yfir.

– gudmundur@bb.is

Spurningin

Hver er þín sýn á framtíðina?

Alls svöruðu 861.

Ég er bjartsýn(n) sögðu 554 eða 64%

Ég er svartsýn(n) sögðu 254 eða 30%

Hlutlausir voru 53 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Ákveðin norðanátt með rigningu eða slyddu, en birtir til sunnantil er líður á daginn. Kólnar heldur í bili. **Horfur á laugar-**

dag: Hægir vindar og skýjað með köflum framan af degi, en síðan vaxandi SA-átt og þykkar upp sunnantil um kvöldið. **Horfur á**

sunnudag: Austanátt og víða rigning, einkum sunnantil, en slydda til fjalla. Hiti breytist lítið.

Landsnet ekki enn sótt um leyfi

„Útboð Landsnets á lagningu 66 kV háspennustrengs er útboð um framkvæmd sem er leyfiskyld samkvæmt ákvæðum raforkulaga. Það leyfi liggur ekki fyrir. Sama á við um fyrirhugaðan flutning aðveitustöðvar.“ Þetta segir í bréfi Orkumálastofnunar til Landsnets, en stofnunin vekur athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir Landsnets hf. við jarðvinnu og lagningu 66kV háspennustrengs frá Engi að tengivirki í Stóruvík, séu leyfisskyldar, og Orkustofnun hefur ekki veitt þetta leyfi. Flutningurinn er tilkominn vegna fyrirhugaðra ofanflóðavarna við Gleiðarhalla á Ísafirði.

Orkustofnun mun krefjast þess að framkvæmdir verði stöðvaðar við lagningu rafstrengsins og við umrædda aðveitustöð, komi til þeirra framkvæmda án leyfis Orkustofnunar þar sem um leyfisskyldar framkvæmdir er að



Útsýnið er fallegt úr Gleiðarhalla.

ræða í báðum tilvikum. Í raforkulögum nr. 65/2003 kemur fram að flutningsfyrirtæki beri að sækja um leyfi til Orkustofnunar fyrir nýjum raflinum sem flytji raforku á 66kV spennu eða hærri. Þar kemur fram að flutningskerfi sé skilgreint svo að um sé að ræða raflínur og mannvirki þeim tengd, sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til

stórnotenda og til dreifiveitna. Þá séu skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna his vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.

Í sömu grein kemur fram að flutningsfyrirtæki sé raflína og búnaður henni tengdur til flutningsraforku. Aðveitustöð er samkvæmt ákvæðinu hluti af flut-

tingsvirki Landsnets hf, þar með talin útgangandi rofareitur þar sem tenging við dreifiveitu fer fram í tengivirkinu með streng eða línu í eigu og ábyrgð dreifiveitu. Orkustofnun hefur því ítrekað tilmæli sín til Landsnets um að sækja um leyfi vegna lagningu umrædds rafstrengs og fyrirhugaðrar aðveitustöðvar.

– gudmundur@bb.is

Áframhaldandi óvissa hjá MS

„Við erum sem stendur í viðræðum við nokkra aðila varðandi framtíðaráformin á Ísafirði, en fundir hafa verið haldnir bæði fyrir og eftir helgi,“ segir Einar Sigurðsson forstjóri Mjólkursamsölunnar, en húsnæði Mjólkursamsölunnar á Ísafirði hefur staðið tóm síðan verksmiðjan hætti mjólkurpökkun þar á síðasta ári. Mjólkursamsalan hefur

á undanförunum unnið að skipulagningu framtíðarstarfsemi í húsinu, en Einar segir málið skýrast á næstu dögum.

„Við erum enn að heyra af áhuga og fyrirætlunum með húsið. Við erum sjálfir mjög opnir fyrir því að greiða fyrir starfsemi inn í húsið. Það sem hefur hægt á því ferli eru þær miklu skipulagsbreytingar sem við stöndum

í og höfum þurft að sjá hvaða tæki og hvaða búnað frá Ísafirði við getum nýtt í þessa uppstokkun,“ segir Einar, en Mjólkursamsalan setti í gang í vor áætlun um endurnýjun stærstu vinnslustöðva félagsins á Akureyri, lokun mjólkurpökkunar í Reykjavík, og stækkun vinnslustöðvar á Selfossi.

Einar gat ekki gefið upp við

hversu marga aðila Mjólkursamsalan ætti í viðræðum við, um framtíðarstarfsemi hússins. Einar Sigurðsson gaf það þó út fyrir stuttu í samtali við Bæjarins besta að ekki komi til greina að hefja mjólkurpökkun að nýju í húsinu, og sú starfsemi sem kemur til með að verða í húsinu verði af allt öðrum toga.

– gudmundur@bb.is

Ritstjórnargrein

Blettur sem verður að afmá

Erfitt er að spá um framvindu stjórn mála út frá steinrunnum andlitum alþingismanna undir ræðu „bóndans á Bessastöðum“, eins og forseti vor hefur verið nefndur í ræðustól á hinu háa Alþingi, þegar hann við setningu Alþingis fyrir skömmu ræddi um það virðingarleysi sem það sætir meðal þjóðarinnar. Þetta varðar okkur öll, sagði forsetinn, stjórn og stjórnarandstöðu, stjórn mála flokkana og ekki síst forsetaembættið. Og þá fyrst þyrmdi yfir andlitum margra þingmanna þegar þau boð voru látnin út ganga, að tæki Alþingi ekki á vandanum „munu áfram aukast kröfur um afskipti hans (forsetans) af setningu laga umfram það sem hefur tíðkast.“ Þetta má orða svo að þá viti menn hvar Davíð keypti ölið!

Stjórnarskrá málið, eitt af börnum búasáhaldaþingingarinnar, og að vilja þúsund manna þjóðfundar, er allt í einu orðið eins konar blóraböggull, sem þingmenn henda á milli; er sagt vera að kljúfa þjóðina. Þjóðaratkvæðagreiðsla þar að lútandi ekki sögð marktæk; spurningarnar sem lagðar verða fyrir þjóðina hvorki fugl né fiskur. Því er hampað að tillögur stjórnarskráarnefndar auki völd forsetans; á móti er fullyrt að það sé fjarri öllu sanni. Á almenningur virkilega að trúa því að allir þeir lærdómshrókar sem að tillögugerðinni komu, hafi ekki verið færir um að setja saman skýrari texta en svo að hann megi túlka út og suður eftir því sem valdhöfum þykir henta?

Gildandi stjórnarskrá er sögð flókin og óljós á margan hátt. Krafan

um nýja stjórnarskrá fól ekki í sér beiðni um meiri orðaflækju. Stutta svarið við þörfinni fyrir nýrri stjórnarskrá sagði Ari Teitsson, bóndi, varaformaður stjórnarskrárnefndar, vera já. Allar götur síðan lýðveldið var stofnað hafa stjórnarmálamenn æ ofan í æ gefist upp við endurskoðun þessara grunnlaga íslensku þjóðarinnar. Ef við nýtum ekki tækifærið núna: Hvenær gefst það aftur? Ætlum við að viðhalda togstreitu milli Bessastaða og Alþingis næstu hálfu öldina? Málið snýst ekki um persónur þeirra sem nú fara með völdin, alþingismanna, ríkisstjórnar og forseta, það markar framtíðarskipan þessara mála, um ókomin ár og jafnvel aldri.

Ný stjórnarskrá verður að taka af allan vafa um stjórnskipun lýðveldisins, þar á meðal afmarkað hlutverk forseta og skýr skil á skiptingu framkvæmda- og löggjafarvalds. Það er ekki nóg að Íslendingar stær sig af elsta þjóðþinginu. Það er stutt í kosningar til Alþingis. Hver sem niðurstaða þeirra verður elur samfélagið þær væntingar með sér að við taki öflug, samhent ríkisstjórn og Alþingi sem hefur áráði og styrk til þeirra hluta sem gera þarf. Á því er meira en full þörf.

Alþingismenn verða svo sannarlega að taka sér tak á margan hátt. Kosningavetur fríar þá ekki. Óeirðagírðingin á Austurvelli við þingsetningu er blettur sem verður að afmá

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Silfurgötu 1, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, gudmundur@bb.is · Lísbet Harðar Ólafardóttir, sími 697 4833, lisbet@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ



HAUST
SLÁTRUN
2012

BONUS

1879 KR.KG

AF NÝSLÁTRUÐU FERSKUR LAMBAHRYGGUR



HAUST
SLÁTRUN
2012

BONUS

1389 KR.KG

AF NÝSLÁTRUÐU FERSKT LAMBALÆRI



BONUS

295 KR.KG

AF NÝSLÁTRUÐU FERSK LAMBAHJÖRTU



BONUS

295 KR.KG

AF NÝSLÁTRUÐU FERSK LAMBALIFUR



598 KR.KG

FERSK LAMBAHJÖRTU HJARTASNITSEL Í RASPI



1798 KR.KG

FERSKAR Í RASPI LAMBALÆRISNEIÐAR



ÆÐIBITAR OG HRAUNBITAR 200 GRÖMM 198 KR.



198 KR. DS

HUNTS CLASSIC ITALIAN SPAGHETTISÓSUR 4 TEG. 680 GR



SJÓFRYST ÝSUFLÖK RÖÐ OG BEINLAUS 1259 KR.KG



NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR 169 KR.KG



Barilla SPAGHETTI 245 KR. 1KG.



100% FERSKT NAUTGRIPAHAKK

1295 KR.KG



HUNTS TÓMATSÓSA 680 GR 195 KR. FL



KOLSÝRT VATN HREINT EÐA MEÐ SÍTRÓNUBRAGÐI 159 KR. 2 LTR



PEPSI OG PEPSI MAX 198 KR. 2 LTR



Knorr LASAGNA-PLÖTUR 260 GR 398 KR



YUM-YUM NÚÐLUR Í BOXI

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

Staðarhaldarinn á Núpi

Ásvaldur Guðmundsson er staðarhaldarinn á Núpi í Dýrafirði. Hann á að baki fjölbreyttan starfsferil sem ýtumaður með eigin rekstur, bóndi og kvennaskólakennari svo eitthvað sé nefnt. Ásvaldur ræðir við BB um ferilinn og mannlífið í ýtumannadalinum.

„Sem betur fer er ennþá bjart,“ segir Ásvaldur Guðmundsson þegar hann tekur á móti mér í íbúðinni sinni á Núpi seinni part dags. „Rafmagnið er farið og frúin þurfti að fara á næsta bæ til þess að hita kaffið. Það hefur sjálfsagt slitnað strengur hérna út frá en á meðan það er bjart þá er þetta í lagi,“ segir Ásvaldur.

Það er hvasst og á leiðinni yfir Gemlufallsheiði hafði vindurinn tekið hressilega í bílinn en á Núpi er ágætis veður. „Það er oft veðursælt hérna sérstaklega í norðan-áttinni eins og nú,“ segir Ásvaldur þegar við fáum okkur sæti í stofunni. Útsýni er yfir Dýrafjörðinn þar sem sjórinn þyrlast upp undan rokinu, en gróðurinn fyrir framan Núpsskóla bærir varla á sér.

„Ég er borinn og barnfæddur í Ástúni á Ingjaldssandi árið 1930. Faðir minn Guðmundur Bernharðsson var fæddur og uppalinn í Hrauni, innsta bænum á Ingjaldssandi. Móðir mín, Kristín Jónsdóttir, kom ung sem kaupakona í Hraun á Ingjaldssandi en hún var fædd á Höfðaströnd í Jökulfjörðum og ólst þar upp og í Hnífsdal.

Pabbi reisti nýbýli í Ástúni sem áður tilheyrði landi Álfadals. Áður hafði hann verið í Núpsskóla og einnig sótti hann kennaraskólann í nokkur misseri. Þá lagði hann leið sína til Noregs og var þar í tæp tvö ár við vinnu í landbúnaði. Hann hafði mikinn áhuga á bústörfum og til þess að hefja sjálfur búskap keypti hann fjórðung úr landi Álfadals, sem þá var í eigu Mýrarhrepps, en jörðin var að að mestu óræktað land.

Pabbi vann mikið til þess að koma búinu á fót en sýndi töluverða framsýni í uppbyggingunni. Hann leigði til dæmis dráttarvél sem hann fór með yfir Sandsheiðina og sjálfsagt hefur hún verið eitt fyrsta vélknúna ökutækið sem kom yfir á Ingjaldssand. Þessa vél nýtti hann til ræktunar í Ástúni auk þess sem hann ræktaði fyrir aðra bændur í sveitinni. Meðfram ræktuninni byggði hann hús sem var tvískipt, einn hlutinn var fjárhúsin en hinn innréttaði hann sem íbúðarhús. Og þarna fæddist ég nánast í jötu

eins og sumir góðir menn áður fyrr,“ segir Ásvaldur og kímur við.

Samfélagið á Sandi

Ingjaldssandur var einangruð sveit en Ásvaldur segist aldrei hafa fundið fyrir einangruninni í barnæsku sinni. „Við vorum fimm systkinin; Finnur Hafsteinn er fjórum árum eldri og er nú látinn og Sigríður Kristín er tveimur árum yngri. Bernharður Marselíus er fæddur 1936 og Þóra Alberta 1940. Það var mikið af börnum á Ingjaldssandi á þessum tíma og mikið fyrir okkur gert. Sveitin var líka tiltölulega þéttbyggð og því auðvelt fyrir okkur krakkana að koma saman.

Samfélagið á Sandinum var um margt mjög sérstakt. Það var búið á sjö bæjum og mikil samheldni og hjálpsami meðal fólks. Ungmennafélagshreyfingin var mjög sterk en ungmennafélagið Vorblóm var stofnað á Sandinum árið 1908 og hafði mikil áhif á mannlífið enda mikill kraftur í hreyfingunni á fyrstu áratugum aldarinnar.

Ungmennafélagið stóð meðal annars fyrir því að koma upp bókasafni á Ingjaldssandi sem var til húsa heima hjá okkur. Þar voru alls kyns bækur, mest þó af fræðibókum og ævisögum en eitthvað af skemmtiefni inn á milli. Maður ólst því upp við að grúska í þessum bókum og ég man að sem strákur var uppáhalds bókinn mín gömul læknisfræðibók sem ég lá ansi oft yfir. Þessi bók varð sjálfsagt til þess að síðar hvarflaði það að mér að fara í læknisfræði en úr því varð nú ekki.

Vorblóm réðst líka í byggingu á samkomuhúsi og skóla fyrir sveitina sem var vígt árið 1944 og hlaut nafnið Vonaland. Það er til marks um samvinnuna í sveitinni á þessum tíma að húsið var reist nær eingöngu í sjálfboðavinnu heimamanna. Mýrahreppur gaf hluta úr landi Álfadals undir bygginguna og fór með þriðjungs eignarhlut í húsinu, en tveir þriðju voru í eigu Ungmennafélagsins. Þetta hús skipaði stóran þátt í minni barnæsku; þarna var skólinn og pabbi var kennari sveitarinnar. Seinna átti ég sjálfur eftir að kenna í húsinu auk þess sem við Bernharður bróðir lékum þar saman á harmónikkur undir ófáa dansleiki.

Ungmennafélagið hafði líka þau áhrif á mannlífið að það drakk enginn áfengi né reykti í sveitinni og það voru varla nema einn eða tveir sem tóku í nefið.



Þannig var þetta langt fram yfir miðja öld. Alla mína barnæsku sá ég því aldrei vín á manni og vissi ekki hvað vín var. Ég man reyndar að þegar samkomuhúsið var vígt þá komu margir gestir og þar á meðal voru tveir góðir menn frá Flateyri sem ég veitti athygli því þeir voru óvenju kátir. Ég hafði orð á þessu við föður minn en hann yppti bara öxlum og sagði að líklega þætti þeim bara svona gaman. Löngu seinna fékk ég að vita þeir höfðu haft pela meðferðis.

Bindindi var náttúrulega mikilvægur kjarni í boðskap Ung-

mennafélagshreyfingarinnar ásamt mörgum öðrum góðum síðum. Það þótti t.d. ekki góður síður að blóta eða tala ljótt og þetta tóku menn á Sandinum alvarlega. Ég man t.d. að þótt það hafi gengið á ýmsu á sjónum þá blótadi formaðurinn aldrei. Það var þá helst að hann segði árans, en það var aldrei tekið dýpra í árina,“ segir Ásvaldur.

Sandsýtan og framtíðarstarfið

Eftirstríðsárin voru mikill uppgangstími á Ingjaldssandi og

unga fólkið á Sandinum fékk því tækifæri til að reyna sig við alls kyns störf á þessum tíma.

„Fljótlega eftir stríðið voru byggð ný íbúðarhús á öllum bæjum sveitarinnar. Þetta voru reisu- leg hús, eins og allir sjá sem leggja leið sína á Sandinn. Allt efni var flutt með bát frá Flateyri sem var heilmikil vinna, en menn hjálpuðu hver öðrum bæði við flutningana og smíðina. Það var byrjað á Sæbóli þar sem tvö hús risu. Þá var stórt hús byggt í Brekku og svo var byggt nýtt íbúðarhús í Ástúni og við fluttum þá úr fjárhúsunum. Síðasta húsið



var svo byggt í Hrauni. Síðar voru byggð ný fjárhús á bæjunum og þarna voru því ansi góðar byggingar á mælikvarða þess tíma.

Við unglingarnir tókum fullan þátt í þessum framkvæmdum og þarna kynntist maður vel hvers kyns smíði og múrverki. Samhliða þessum nýju byggingum fylgdi stækkun á búunum. Mikið kapp var lagt á að rækta meira og brjóta niður land og þessum framkvæmdum fylgdu kaup á tækjum.

„Þegar ég er að alast upp fram að unglingsaldri var gamli tíminn svo til alfarið við lýði og öll

bústörf meira og minna unnin með höndum eða hestum. Pabbi var nokkuð framsýnn og var með þeim fyrstu til þess að festa kaup á hestaslátturvél og rakstursvél. Hann var líka einn af stofnendum bændafélagsins Einingar og á eftirstríðsárunum beitti félagið sér fyrir því að kaupa ýtu á Sandinn. Pabbi var formaður og fór suður til þess að útvega sveitinni ýtu. Upphaflega stóð til að kaupa litla vél svokallaða TD 6 sem var frekar lítil vél en hún var þá ekki til. Honum var þó tjáð að til væri TD 14 en hann vissi ekki hver munurinn var og bað því um þá vél.

Það kom svo í ljós að TD 14 var þrisvar sinnum stærri vél. Þessi vél kom á Ingjaldssand 1949 og henni fylgdu miklar framfarir.

Guðni Ágústsson á Sæbóli fór suður á ýtunámskeið ásamt öðrum manni í Dýrarfirði Hermanni Guðmundssyni og þeir tveir voru fyrstu ýtumennirnir hér á svæðinu. Ég var þá í námi frá Bændaskólanum á Hvanneyri þar sem ég var tvo vetur og klárði búfræðinámið. Þar hafði ég smitast af áhuga á ýtum og þegar ég kem heim byrja ég að starfa með Guðna á ýtunni. Ýtustarfið og vegagerð átti svo eftir að verða

mitt helsta ævistarf,“ segir Ásvaldur.

Ýtumaður á ferð

„Í fimm ár vorum við Guðni með Sandsýtuna og fórum hér um alla firði, frá Ísafjarðardjúpi að Arnarfirði. Við keyrðum ýtunni á milli staða og það var ágætt dagsverk að fara frá Ingjaldssandi hingað að Núpi en hámarks hraði ýtunnar var um fimm kílómetrar á klukkustund og þótti gott. Fyrst og fremst vorum við að leggja vegi og endurbæta. Eitt fyrsta verkið var náttúrliga að

leggja veginn yfir Sandsheiðina og hún var opnuð 1952. Með fyrstu verkum ýtunnar var að leggja veg út í Valþjófsdal í Öndarfirði og þar var Guðni ýtumaður. Það var mikil eftirspurn eftir ýtunni í vegagerð og eigendur hennar á Ingjaldssandi fengu varla að njóta krafta hennar nema snemma á vorin og seint á haustin.

Það voru svo mannaskipti á ýtunni en þeir Guðmundur Hagalínsson í Hrauni og Finnur Þorláksson störfuðu mikið á Sandsýtunni. Þá fjölgaði ýtum á svæðinu töluvert um miðjan sjötta ára-

tuginn og ég starfaði m.a. á ýtum sem voru í eigu Suðureyrar og Flateyrar.

Árið 1965 stofnum við Guðni Ágústsson saman félag og kaupum ýtu. Þetta var notuð ýta sem við keyptum seint um haust þegar vegavinnuvertíðin var að klárast. Mönnum fannst það skjóta skökku við að við værum að kaupa í lok vertíðarinnar en þá tók forsjónin til sinna ráða því það gerði gríðarlega mikla rigningu. Skriðuföll voru um allar sveitir sem lokuðu vegum og eyðilögðu og það þýddi að við vorum í meira en mánuð að koma vegum í samt horf. Þetta var óvænt vinna og kom sér ákaflega vel fyrir okkur. Gárungarnir kölluðu þessa ýtu Gulltönn eftir þetta,“ segir Ásvaldur og hlær, „en það passaði reyndar ágætlega því hún reyndist okkur vel þrátt fyrir að vera gömul og við þurft að eyða drjúgum tíma í viðgerðir á henni.“

Ýtureksturinn gekk vel hjá þeim félögum Ásvaldi og Guðna. Þeir ráku saman verkstæði og gerðu sjálfir við vélarnar. Fyrirtækið dafnaði og um tíma voru þeir með þrjár ýtur í rekstri.

„Það var nóg af verkefnum á þessum tíma. Við tókum þátt í að leggja veginn yfir Breiðadalshéiði og Gemlufallsheiði. Þá lögðum við einnig flugvellina í Holti í Önundarfirði og á Þingeyri. Svo fengum við einnig flugvöll hér á Ingjaldssand sem við Guðni lögðum í sameiningu og síðast lögðum við flugvöll í Alviðru.

Sveitungar okkar á Sandinum voru okkar helstu starfskraftar, t.d. Guðmundur Hagalínsson, Jóhannes Kristjánsson frá Brekku, Guðmundur Sigurvinson og bróðir minn Bernharður. Og þeir voru fleiri, þannig að þetta var orðinn hálfgerður ýtumannadalur,“ segir Ásvaldur og brosir við. „Einar Jónsson sem ættaður er úr Álfadal starfaði líka mikið hjá okkur. Hann er enn að og er einn færasti ýtumaðurinn á landinu í dag.“

Kvennaskólakennarinn

Ýtuvertíðin var nær eingöngu bundin við sumartímamann og á veturna var Ásvaldur ýmist heima í Ástúni eða sótti vinnu til nágrannaþorpanna. „Í þrjá vetur eða part úr vetri vann ég hjá föðurbróður mínum, Marsellíusi Bernharðssyni í skipasmíðastöðinni á Ísafirði. Sá tími gagnaðist mér vel því þar lærði ég vélsmíði og að fara með rafsuðu sem var notardrjúgt í viðgerðum á vélunum.

Heima á Ingjaldssandi starfaði ég við ýmislegt en í eina sex vetur var ég kennari í Barnaskólunum á Ingjaldssandi. Pabbi tók að sér barnaskólakennsluna árið 1941 og var kennari mjög lengi og þetta smitaðist yfir á okkur systkinin. Bróðir minn Bernharður

ur og systir mín Þóra Alberta urðu bæði barnaskólakennar og eru nýhætt að kenna.

Ég leysti föður minn af stöku sinnum þegar hann fór til kennslu í nágrannasveitir. Mér er sérstaklega minnstæður fyrsti bekkurinn sem ég kenndi. Þá var það þannig að eintómar stúlkur voru í bekknum sem allar voru mjög stilltar og góðar. Þannig byrjaði ég eiginlega sem kvennaskólakennari og lít svo á að þar hafi ég verið heppinn, því strákarnir voru oft erfiðari viðureignar.“

Örlogastaður við Djúp

Það var hvergi slegið slöku við þegar vegavinnuvertíðin stóð sem hæst á sumrin. Ásvaldur og Guðni unnu á vöktum og ýtan var keyrð nær allan sólarhringinn. En það gafst þó tími við og við til þess að lyfta sér upp og sækja skemmtanir í sveitunum. Ein slík skemmtun átti eftir að vera afdrifarík fyrir Ásvald.

„Árið 1954 var ég að vinna á Súgandafjarðarýtunni í Ísafjarðardjúpi ásamt Guðmundi Þorlákssyni. Þá var einhver hátíð í Reykjanesi sem við vegavinnu karlar sóttum. Þar voru margar ungar stúlkur frá Ísafirði og Gerða var ein af þeim. Ég bauð henni í dans og við kynntumst lítilliga á þessu balli. Það varð þó ekki mikið úr kynnum okkar þá af því hún tilkynnti mér að pabbi sinn hefði beðið hana um að vara sig á strákunum. Árið eftir erum við enn í vegavinnu í Djúpinu og förum á sömu skemmtun í Reykjanesi. Þá var nú komið annað hljóð í strokkinn,“ segir Ásvaldur og hlær. „Reykjanes er sem sagt örlogastaður okkar, en um veturinn var ég við vinnu í skipasmíðastöðinni hjá Marsellíusi og þá felldum við hugi saman og verið samferða í gegnum lífið síðan.

Gerða er Pétursdóttir og hún er fædd og uppalin í Engidal, næst yngst af fjórum systur. Foreldrar hennar voru Pétur Jónatansson og Guðmunda Katrínusardóttir og voru ábúendur í Neðri Engidal. Þegar fram í sækir þá flytjumst við að Ástúni og búum þar með foreldrum mínum. Elsti sonur okkar Pétur fæddist 1957, Guðmundur kemur í heiminn 1962 og Sigurður 1963. Elstu strákarnir mínir eru báðir starfsmenn hjá vegagerðinni enda ólust þeir upp í kringum ýtur og störfuð mikið með mér. Móðir mín lést árið 1969 og pabbi hætti að búa og fluttist suður til Reykjavíkur. Við hjónin tókum við búinu, en ég verð að viðurkenna að ég var aldrei mikill bóndi. Annir við vegavinnu voru miklar og ég átti stundum í mesta basli við að ná að heyja á sumrin þótt bústofninn hafi ekki verið stór. Þá glímdi ég alla tíð við heymæði sem er auðveldaði ekki bústörfin. Það varð mér til happs

að Gerða var vön öllum bústörfum úr sinni æsku í Engidal og það lenti því meira á henni að sjá um búskapinn,“ segir Ásvaldur.

Héraðsmót og félagsstörf

Rétt eins og faðir hans var Ásvaldur mikill ungmennafélagssmaður og var í stjórn Vorblóms allt til ársins 2011 þegar félagið var lagt og sameinað áttahafélagsins á Ingjaldssandi sem einnig hlaut nafnið Vorblóm.

„Það var mikið íþróttalíf hér á fjörðunum í Vestur Ísafjarðarsýslu og ég var í stjórn Héraðssambands sýslunnar HVÍ. Héraðsmótin hér á Núpi voru fjölmenn og mikil keppni á milli ungmennafélaganna. Höfrungur var á Þingeyri, Vorblóm á Ingjaldssandi, Ungmennafélag Mýrahrepps, félagið Önundur var í Mosvallahreppi í Önundarfirði, Valþjófur í Valþjófsdal, Grettir á Flateyri og Stefni á Suðureyri. Hér voru miklir íþróttakappar m.a. var Jón Hjartarson frá Flateyri Íslandsmeistari í spjótkesti. Og þótt Ingjaldssandur hafi verið tiltölulega fámenn sveit þá voru hér margir kappar og Vorblóm vann Héraðsmótið fyrstu þrjú skiptin sem það var haldið.

Ég var svo í stjórn HVÍ í áratug og gegndi þar starfi gjaldkera í rúman áratug. Þetta var stundum heljarinnar vinna, sér í lagi í kringum héraðsmótið, en jafnframt mjög skemmtileg. Jón heitinn Guðjónsson frá Veðrárá í Önundarfirði var lengi vel formaður stjórnarinnar með mér, auk þess að vera góður kunningi og vinur. Honum þótti ég stundum halda full þétt um budduna og á einum fundi sagði hann að blessaður gjaldkerinn gleymdi annað hvort heftinu heima eða ætti bara eitt blað eftir.“

Ásvaldur var ekki eingöngu virkur í félagsmálastörfum heldur lét hann til sín taka í sveitarstjórnarmálum.

„Ég var kosinn í sveitarstjórn Mýrahrepps árið 1966 og sat þar til sveitarfélagið var sameinað Ísafjarðarbæ. Fyrstu árin voru menn ekki kosnir á grundvelli flokka heldur sem einstaklingar, en seinna sat ég í stjórninni fyrir Framsóknarflokkinn,“ segir Ásvaldur sem segist þó ekki hafa verið pólitískur og látið landsmálin að mestu liggja milli hluta.

„Það voru ýmis baráttumál sem við fengumst við í sveitarstjórninni. Mér er t.d. minnstæð baráttan fyrir barnaskólunum á Núpi. Það var gamall skóli hér í sveitinni sem var úr sér genginn og ónothæfur. Kennarinn hafði tekið á það ráð að fá börnin heim til sín og kenna þeim þar í stofunni, en á þessum tíma var svo mikil aðsókn í Núpsskóla að þar var ekki pláss fyrir börnin. Þannig að við ráðumst í að byggja þennan



skóla sem stendur nú fyrir neðan gamla héraðsskólann.

Þá þrýstum við mikið á að fá brúna yfir Dýrafjörð og það var ansi löng baráttan. Við neituðum því að lögð yrði vinna í að laga veginn í botni fjarðarins því við vildum brúna. Ástæðan var fyrst og fremst sú að þarna gerði mikil óveður á veturna og þurfti lítið til að vegurinn yrði ófær. En þetta endaði með því að lítið sem ekkert viðhald var á veginum í hálfan annan áratug þar til brúin var byggð.

Erfiðasta starfið í öllu þessu félagsmálastarfi var þó stjórnarformennska í Kaupfélagi Önfirðinga, en ég var formaður stjórnarinnar þegar Kaupfélagið féll. Þetta var mikið basl sem við Gunnlaugur Finnsson frá Hvilft stóðum í á þessum tíma. Það er þyngra en tárur taki að rifja þessa sögu upp. Örlög kaupfélaganna voru dapurleg ekki bara í Önundarfirði heldur um land allt. Það var t.d. erfitt að horfa upp á gjaldprotið á Þingeyri þar sem áður var blómleg útgerð með tveimur togurum og glænýju sláturhúsi,“ segir Ásvaldur.

Nú er ég að mestu hættur öllu félagsmálastussi en sit enn í stjórn Harmonikufélgs Vestfjarða og hef mikla ánægju og góðan félagsskap í því starfi.“

Staðarhaldarinn á Núpi

Síðastliðinn tvo og hálfan áratug hafa Ásvaldur og Gerða verið búsett á Núpi og ég spyr hvernig það hafi komið til að þau létu af búskap og fluttu í skólann.

„Það kom nú ýmislegt til. Ég var formaður skólaneftarinnar þau ár sem skólafarfið var að líða undir lok. Þetta var mikil baráttan en það höfðu verið gerðar breytingar á skólalöggjöfinni sem þýddu að börnin í þorpunum hér í kring sóttu nú nám í efri bekkjunum meira en áður í sinni heimabyggð. Í gegnum tíðina höfðu þessir krakkar verið bakbeinið í skólafarfinu en þegar líða tók á nýunda áratuginn var nemendafjöldinn einfaldlega ekki nægur til þess að hægt væri að reka skólann.

Árið 1992 leggst svo skólinn af og á sama tíma lætur húsvörður skólans af störfum sökum aldurs. Ég ákvað því að vera hér einn vetur sem staðarhaldari og hjálpa til og hér erum við búin að vera síðan. Á þessum tíma var líka farið halla mjög á búskapinn á Sandinum og hver bærinn af fætur öðrum að leggjast í eyði.

Okkur hefur þó liðið mjög vel hér þótt á ýmsu hafi gengið á þessum árum og oft verið að á brattann að sækja. Okkur tókst þó sem betur fer að fá fjármagn með hjálp alþingismanna og velvildar innan ráðuneytisins til þess að halda húsunum við og lagfæra ýmislegt. Það var forsenda fyrir því að seinna var hægt að ráðast hér í hótélrekstur og það hefur verið mjög ánægjulegt að fylgjast með ferðaþjónustunni dafna á síðustu árum. Þá er Ástún enn í eigu fjölskyldunnar og þar dveljum við oft á sumrin með fjölskyldunni. Það er varla hægt að fara styttra frá Ingjaldssandi en hingað á Núp,“ segir Ásvaldur að lokum.

– Kristján Torfi Einarsson.

ÚTSALA ARSINS

20-70%
AFSLÁTTUR!

LÝKUR UM HELGINA!



VERÐ ÁÐUR 1.699
NÚ 999 kr/pk.

HAUSTLAUKA
SPRENGJA
50 stk í pakke

STÆRRI
LAUKAR
BETRI BLÖM

blómaval



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AD GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÁTTU ENGAN SEGJA ÞÉR AÐ NÝ STJÓRNARSKRÁ SKIPTI EKKI MÁLI !

29. sept. Kaffi Riis Hólmavík Kl. 20
30. sept. Edinborg Ísafirði Kl. 12
30. sept. Félagsheimilið Þingeyri Kl. 20
01. okt. Sjóráningjahúsið Patreksfirði Kl. 20



stjórnálasamtök



Ekki skorið niður í heilbrigðismálum

„Þessar fréttir eru mjög góðar fyrir okkur, og þær eru í takt við það sem við bjuggumst við,“ segir Þröstur Óskarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, en engin hagræðingarkrafa er gerð í rekstri sjúkrahúsa, heilsugæslu, heilbrigðisstofnana og öldrunarstofnana í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2013.

„Þetta þýðir að við þurfum áfram að sýna aðhald og væntanlega draga eitthvað saman, eins og við höfðum ákveðið í fjárhagsáætlun, en að öllu jöfnu verður ekki frekari samdráttur,“ segir Þröstur, en þetta er í fyrsta sinn frá hruni sem aðilum í heilbrigðisþjónustu er ekki gert að skera niður.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur skorið mikið niður síðastliðin ár og hefði að öllum líkindum ekki þolað frekari niðurskurð. „Við vonumst til þess að þetta verði stöðugt ástand héðan í frá og að stjórnvöld ráði við verðbólgu, því hana fáum við ekki bætt,“ segir Þröstur.

smáar

Til sölu er hjónarúm, 180-200. Verð kr. 40.000.- Upplýsingar í síma 456 3923.



Tvö ísfrisk fyrirtæki verðlaunuð fyrir frumkvöðlastarf

Verðlauna- og styrktarsjóður Rótarý hreyfingarinnar á Íslandi afhenti tveimur ísfriskum fyrirtækjum, Fossadal ehf., og Skútusiglingum ehf., viðurkenningu á umdæmisþingi hreyfingarinnar sem haldið var á Ásafirði fyrir stuttu. Auk viðurkenningarinnar

fékk hvort fyrirtækið 500 þúsund króna styrk. Fossadalur ehf. fékk viðurkenninguna fyrir frumkvöðlastarf í iðnaði en fyrirtækið hefur hannað, þróað og markaðssett fluguveiðihjól með byltingarkenndu bremsuferfi. Fyrirtækið hóf störf árið 2007. Steingrímur

Einarsson hjá Fossadal-veiðihjólum segist vera afar þakklátur fyrir viðurkenninguna og að féð muni nýttast vel í áframhaldandi þróunarvinnu.

Skútusiglingar ehf. fékk viðurkenninguna fyrir frumkvöðlastarf í ferðaþjónustu með markaðs-

setningu á skútusiglingum um Vestfirði og austurströnd Grænlands á eigin skútu. Skútusiglingar ehf. er ferðaskrifstofa sem býður upp á fjölbreytt úrval ævintýraferða um Vestfirði, austurströnd Grænlands og Jan Mayen. – *lisbet@bb.is*

Ósáttir trillukarlar á Þingeyri

Trillukarlar á Þingeyri eru ósáttir við sjávarútvegsráðuneytið, en þeir frá ekki að nýta þann byggðakvóta sem þeim var úthlutað á síðasta ári. Þar sem afla þeirra var ekki landað til vinnslu á Þingeyri í sumar, hyggst sjávarútvegsráðuneytið grípa til þessara aðgerða. Að sögn Þórhalls Arason, talsmanns hópsins, var aflann ekki landað á Þing-

eyri vegna þess að fiskvinnslunni þar var lokað síðastliðið sumar og því höfðu sjómennirnir ekki tækifæri á að uppfylla þessar skyldur.

Sjómennirnir fóru þess á leit við sjávarútvegsráðuneytið að tillit væri tekið til þess að þeim væri ókleyft að koma aflann til vinnslu á Þingeyri í sumar, og að ótækt væri að missa af byggða-

kvóta þess vegna, ásamt því að ótækt þætti að það aflamagn sem bátarnir skiluðu í sumar yrði ekki tekið til viðiðunar við ákvörðun byggðakvóta á næsta fiskveiðiári.

Ráðuneytið svaraði bréfinu í lok síðasta mánaðar, en þar kemur fram að ekki sé hægt að leiðrétta úthlutunarreglur eftir að sveitarfélög hafa skilað inn tilögum um sérstök skilyrði fyrir út-

hlutun byggðakvóta hvers fiskveiðiárs. Þórhallur vill þó meina að svo hafi verið gert varðandi fiskveiðiárið 2011/2012 fyrir bæði Skagaströnd og Hólmavík.

Trillukarlarnir á Þingeyri hafa því óskað eftir því bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar að hann beiti sér fyrir því að leiðrétta málin. Trillukarlarnir hafa nú ítrekað erindi sitt. – *gudmundur@bb.is*

Greiðsluvandi, lausnir og laun

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málafnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins.

Þrátt fyrir það bera ábyrgðar-menn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Kannski var það lán í óláni fyrir ríkisstjórnina að fá ofviðrið, sem hafði svo miklar afleiðingar á Norðurlandi, daginn fyrir setningu alþingis. Athyglin, einkum þó ríkisstjórnarinnar, dróst frá fjárlagafrumvarpinu, sem reyndar er hin sérkennilegasta ritsmíð, lítt rökstudd og innihaldið skattahækkunar og árás á þær atvinnugreinar sem gætu veitt fólki langþráða vinnu, sem ætti þá að skila sér í minni greiðslum úr ríks- og sveitarsjóðum til þess að atvinnulausir skrimti þar til eitthvað annað kemur þeim til bjargar. Flestum ber saman um að hækkan virðisaukaskatts á gistingu muni ekki efla hótélrekstur, jafnvel síst utan höfuðborgarinnar. Lágt gengi íslenskrar krónu hefur fátökunum 2008 dregið æ fleiri ferðamenn til Íslands. Hafi það verið ætlunin með gistináttaskattinum að styrkja ferðamannastaði hefði verið sönnu nær að skoða til þrautar þann möguleika að taka gjald fyrir aðgengi.

Nóg um það. Forsætisráðherra, sem æ sjaldnar segir nokkuð opinberlega en í staðinn talar formaður Vinstri grænna þess meir, flikar því nú að greiðsluvandinn hafi verið orðinn til fyrir hrun. Það ætti hver einasti heilvita maður að hafa vitað allan tímann, ekki síst bankamenn. En loforð ríkisstjórnar forsætisráðherra, sem setið hefur meira en þrjú og hálf ár, voru á þann veg að öllu skyldi bjargað fyrir skuldara, sett var á fót sérstakt embætti, sem því miður virðist afgreiða mál hægt og því svamla þau um í fjármálaheiminum óleyt

mánuðum og árum saman engum til gagns. Á það hefur verið bent hér einkum í samhengi við breytt gjaldþrotalög, sem leysa gjaldþrota menn undan afleiðingum gjaldþrots tveimur árum eftir lok gjaldþrotaskipta, að eðlilegast hefði verið að fara þá leið í miklu fleiri tilvikum en gert var í stað þess að binda fólk á klafa 110 prósent skuldar miðað við verðmæti veðsettrar fasteignar. Það var ekki gert og nú bítur það úrræði í skottið á sjálfu sér. Ástæðan er sú að þeir sem voru efnaðir og höfðu haft vit á því að greiða ekki fengu mest niðurfellt. Er þetta skjaldborg heimilanna?

Þannig hafa bankar einnig unnið. Forhertustu skuldarar fá mest afskrifað, en Jón og Gunna oftast ekkert, sérstaklega ef þau höfðu glapist á að fara að ráðleggingum banka og fá lánsveð. Þar sitja oftast tvær fjölskyldur í súpunni, önnur eignalaus og hin á þeirri leið. Á sama tíma er hægt að hækka laun forstjóra LSH, sem er án efa hinn mætasti maður, um tæpa hálfa milljón, án rökstuðnings. Var meira um vert að hann færi ekki úr landi en þær þúsundir sem þegar hafa leitað norrænna velferðarstjórna á öðrum Norðurlöndum. Eftir þrjú og hálf ár viljum við sjá almennileg fjárlög og byggðastefnu, nema það sé vilji ríkisstjórnar og alþingis að landsbyggð lofnist út af. Því verður ekki trúað, en á þeim fáu mánuðum sem ríkisstjórnin á ólifaða gefst henni enn tækifæri til að reka af sér slyðruorðið og grípa til ráðstafana sem hækka laun allra.



Skíðasvæðið í Tungudal.

Skíðasvæðið flytjast yfir á skóla- og tómstundasvið

Umsjón yfir skíðasvæði Ísafjarðarbæjar verður að öllum líkindum flutt frá umhverfis- og eignasviði Ísafjarðarbæjar yfir á skóla- og tómstundasvið. Síðastliðið ár hefur þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar séð um skíðasvæði bæjarins í Tungudal og á Seljalandsdal, en starfsmönnum í áhaldahúsi bæjarins hefur fækkað verulega. Vegna fækkunar

starfsmanna telur sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, Jóhann Birkir Helgason, þjónustumiðstöðina ekki ráða við að þjónusta skíðasvæðið almennt.

Mikið hefur verið rætt og ritað á sviðstjórnarfundum Ísafjarðarbæjar um málið, en lagt hefur verið til við bæjarstjórn að skíðasvæðið flytjast þessa leið frá umhverfis- og eignasviði yfir

á skóla- og tómstundasvið. Verði þetta raunin verður ráðinn forstöðumaður skíðasvæðisins tímabundið frá október fram að vori,

auk þess sem starfsfólk verður ráðið í tímavinnu á opnunartímum svæðisins.

Endanleg ákvörðun skýrist í

málinu skýrist á næsta bæjarstjórnarfundum, en allt bendir til þess að tillagan verði samþykkt.

– gudmundur@bb.is

Landsmót Samfés á Ísafirði í október

Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi ráðgera að halda árlegt landsmót sitt á ísafirði helgina 5. - 7 október næstkomandi. Landsmótshelgin er stærsti viðburður sem Samfés stendur fyrir og má búast við á bilinu 350 - 400 unglingum allsstaðar af landinu. Dagskráin er enn í smíðum en eitt er þó komið á hreint að mikið verður um dýrðir og engum á að leiðast.

„Verið er að vinna í að móta smíðjurnar, ungmennin gista í Grunnskólanum á Ísafirði og að öllum líkindum förum við svo til Bolungarvíkur með hátíðarmatinn og ballið. Við stefnum að því að nýta það sem svæðið býður

upp á, til að mynda verða björgunarsveitirnar með stóra smíðju og viðræður eru komnar langt með aðra aðila um að gera þetta sem best með okkur,“ segir Gautur Ívar Halldórsson, forstöðumaður félagsmiðstöðva Ísafjarðarbæjar.

Á meðal þess sem fer fram á lokahófi landsmótsins er kosning í ungmennaráð Samfés, en þar gefst kjörnum fulltrúum kostur á að móta starf félagsmiðstöðva á Íslandi. Ísafirðingar hafa undanfarin ár verið ötullir í þeirri mál-efnavinnu, en þau Melkorka Magnúsdóttir og Hákon Ari Halldórsson hafa setið í ráðinu síðastliðið ár. – lisbet@bb.is

Tímaspursmál hvenær sjórinn rífur veginn

Mikið af grjóti hefur fallið á veginn um Óshlíð undanfarið og er vegurinn orðinn mjög illa farinn að sögn Sigurðar Mar Óskarssonar, verkefnastjóra hjá Vega-gerðinni. Ekki stendur til að halda veginum við og mun því náttúran sjá um að afleggja hann með tíð og tíma. „Vegurinn er illa farinn eftir grjóthrun en við setjum ekki upp neina vegatálma til að loka honum. Sjórinn mun að öllum líkindum taka veginn, sama hvort

það er á morgun eða eftir nokkur ár. Þá lokast hann sjálfkrafa,“ segir Sigurður Mar.

Við tilurð Bolungarvíkuganga hefur almenningur ekki ástæðu til að fara Óshlíðina og þykir það beinlínis hættulegt, sér í lagi þegar úrkoma hefur verið mikil líkt og undanfarna daga. Óshlíðin hefur þó gegnt hlutverki hlaupa-leiðar undanfarin 20 ár, en alls óvíst er hvort hægt verður að fara þá leið um ókomna framtíð.

Allar nánari upplýsingar á www.vita.is/golflif





Peter Salomon

Golf á Spáni í haust

NÝTT!

Frítt flug innanlands

Ísafjörður-Reykjavík-Ísafjörður

í golfferðum 8.-19. okt. og 19.-30. okt.



***** EL ROMPIDO hótél 36 holar

***** EL ROMPIDO íbúðir ALLT INNIFALID

***** ISLANTILLA 27 holar

***** MATALASCAÑAS + golfskóli

ALLT ÞRAUTREYNDIR STAÐIR Í MÖRG ÁRI!

11 náttu ferðir: 8.-19. okt. og 19.-30. okt.

Verð frá 199.900 kr.* 11 nætur!

og 15.000 Vildarpunktur

á mann í tvíþýli á Matalascañas 19.-30. okt. (*fullt verð 209.900 kr.)

HÁLFT FÆÐI OG ÓTAKMARKAÐ GOLF INNIFALID!

ISLANTILLA Helgarferð: 5.-8. okt. *****

3 nætur og 4 golfdagar

(hægt að spila frá kl. 17:00 á komudegi)

Verð frá 99.900 kr.*

og 15.000 Vildarpunktur

á mann í tvíþýli á Íslantilla 5.-8. okt. (*fullt verð 109.900 kr.)

HÁLFT FÆÐI OG ÓTAKMARKAÐ GOLF MED GOLFBÍLL INNIFALID

FLOGIÐ MED ICELANDAIR – FRÍTT FYRIR GOLFSETT!

Nánari upplýsingar á www.vita.is/golflif



VITA er í eigu Icelandair Group.



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is



VITA er lífið

Fyrst og fremst hús fólksins

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir er nýr verkefnastjóri hjá Menningarmiðstöðinni Edinborg á Ísafirði. Hún mun skipuleggja viðburði í Edinborgarhúsinu og felst starf hennar í því að styðja við og styrkja menningarstarfsemi hússins.

Ólöf lauk prófi frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands og tveimur árum síðar lauk hún námi í ljósmyndun frá Iðnskólanum í Reykjavík. Nú leggur hún síðustu hönd á meistaraverkefni sitt í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands.

Bæjarins besta spjallaði við Ólöfu um starfið.

„Ég mun leggja áherslu á að hafa fjölbreytt menningarstarf í húsinu. Ég er myndlistarmaður og hef sérstakan áhuga á því að koma sýningarmálum í ákveðið horf. Ég hef mikinn áhuga á nýjungum í menningarmálum og ætla reyna innleiða þær hér. Til dæmis kemur Smástundarsafnið í heimsókn í tengslum við Vetur nætur, en það er mjög skemmtilegt verkefni sem ég hvet alla til að taka þátt í. Það er alveg nýtt fyrirbrigði í safnamenningu og felst í því að safn flakkar milli staða og starfar tímabundið á hverjum stað. Það byggir á þátttöku gestanna en Smástundarsafnið skrásetur safneignina með því að festa á ljósmynd vettvang þar sem áhugasamir geta komið með gripi eða hvað annað sem tengist þema safnsins hverju sinni og deilt sögu hans með öðrum.

Ég vil endilega hvetja heimamenn til að koma til mín með verkefni. Eins vil ég flytja inn verkefni frá höfuðborginni eða víðar úr veröld þannig að heimamenn þurfi ekki endilega að leggja á sig langt ferðalag til að sjá þau. Ég legg áherslu á að fjölbreyttar sýningar verði í húsinu.

Fyrst og fremst vil ég að þetta sé hús fólksins og að það komi hingað hvort sem það er að sækja viðburði eða bara fá sér kaffi á kaffihúsinu,“ segir Ólöf. Jafnframt hvetur hún fólk til að fylgjast með Facebook-síðu Edinborgarhússins.

Ýmislegt í deiglunni

Meðal viðburða sem nú þegar eru komnir á blað fyrir veturinn er frumsýning Litla leikkúlubssins á verkinu Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir 6. október og Rótaryþing í september. Fjöldi námskeiða verður í boði hjá Listaskóla Rögvaldar Ólafssonar og má sem dæmi nefna þrjúánámskeið, leirlistarnámskeið, tónlistarnámskeið af ýmsu tagi og dans-

nám.

„Það er ýmislegt í deiglunni, bæði nýir viðburðir sem og árvissir liðir eins og bókmenntavakan Opín bók sem verður 24. nóvember. Þá fáum við kynningu á nokkrum af þeim fjölmörgu bókum sem koma út fyrir jólin. Eins munum við gera eitthvað skemmtilegt í tengslum við Dag íslenskrar tungu 16. nóvember en eftir er að ákveða hvað það verður.

Þá eru á dagskrá fyrirlestrar eins og Píano í aldanna rás þar sem Margrét Gunnarsdóttir fjallar um sögu píanosins. Það er samstarfsverkefni Listaskóla Rögvaldar Ólafssonar og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Eins verður Rúnar Vilbergsson með fyrirlestur um blásturshljóðfæri 17. október, sem einnig er liður í samstarfi LRÓ við Fræðslumiðstöðina.

Henna Riikka Nurmi hefur verið með strákahópa fyrir 4-6 ára í dansinum en núna í vetur ætlum við að bæta við strákahóp fyrir 7-9 ára á fimmtudögum kl. 16.45-17:30.

Svo er finnski rithöfundurinn Tapio Koivukari væntanlegur til Ísafjarðar og verður með kynningu á nýjustu bók sinni 20. október. Í þetta sinn er það söguleg skáldsaga sem gerist að stórum hluta á Vestfjörðum og á Ströndum. Sagan heitir „Ariasman – frásaga af hvalföngurum“ og segir frá Spánverjavíggunum árið 1615 þegar vestfirskir bændur undir forystu Ara sýslumanns í Ögri drápu liðlega þrjátíu baskneska skipbrotsmenn, en Ariasman var nafnið sem Baskarnir notuðu um Ara.

Bókin kom út í Finnlandi í fyrra og fékk góða dóma. Ariasman á að koma út 18. október hjá Uppheimum. Þýðendur í fleiri löndum hafa sýnt henni áhuga og einnig eitt leikhús í Finnlandi, en allt þetta er í bígerð,“ segir Ólöf.

Edinborgarhúsið er einnig komið í samstarf við Venna hjá stuð.is en hann mun sjá um nokkra stórdansleiki. Fjórir slíkir verða í vetur og á Aldrei fór ég suður.

Draumur að vera á Ísafirði um vetur

Ólöf flytur með fjölskyldu sinni vestur, en eiginmaður hennar er Ísafirðingurinn Atli Þór Jakobsson. Þau eiga tvö börn og það þriðja er á leiðinni.

„Mér líst rosalega vel á bæinn og hlakka til að eyða vetrinum hér. Ég var búin að tala um að flytja vestur frá því 2004. Þá vor-



Ljósmynd: Ágúst G. Atlason.

um við hérna í heilt sumar og mér líkaði rosalega vel. Það hefur verið draumur hjá mér að vera hér um vetrartímamann líka. En Atli var nýbúinn í náminu og ekki alveg tilbúinn til þess þá. Núna var svo bara rétti tíminn. Við byrjuðum að tala um þetta í janúar og endanleg ákvörðun var tekin

með vorinu.

Við erum með tvær stelpur, eina fimm ára sem var að byrja á Eyrarskjóli og svo eina sjö ára sem er í grunnskólanum. Við höfum verið reglulegir gestir á Ísafirði í gegnum árin. Höfum alltaf komið minnst einu sinni yfir sumartímamann og verið hér um áramót.

Til dæmis erum við bæði mýraboltameistarar,“ segir Ólöf. „Við höfum verið fjórum eða fimm sinnum í mýraboltanum. Svo við höfum alltaf reglulega verið hér og því efast ég ekki um að það verði spennandi að að búa hér,“ segir Ólöf að lokum.

– thelma@bb.is

Nýtt hjúkrunarheimili rís í Bolungarvík

„Ég vil þakka heimamönnum fyrir það frumkvæði sem þeir hafa sýnt við byggingu þessa húss og þessa útfærsluna á hugmyndinni. Ég held að við höfum fundið mjög góða lausn sem ég held að verði til hagsbóta fyrir alla,“ sagði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra, en hann var staddur í Bolungarvík fyrir stuttu til að skrifa undir samning, ásamt Elíasi Jónatanssyni bæjarstjóra, um byggingu á tíu rýma hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Bolungarvík.

Áformað er að hjúkrunarheimilið verði staðsett á fyrstu hæð húsnæðisins sem nú hýsir íbúðir aldraða, betur þekkt sem Hvíta húsið, og á fyrstu hæð nýbyggingar sem er að rísa og er áföst þeirri byggingu sem kaupstaðurinn hyggst festa kaup á. Valdimar Lúdvík Gíslason, sérleyfishafi í Bolungarvík, hóf fyrir á þessu ári byggingar á íbúum fyrir eldri borgara í Bolungarvík við hlið Hvíta hússins. Sveitarfélagið kaupir neðstu hæð þess húss og mun hún, ásamt neðstu hæð núverandi húsnæðis, falla undir nýtt hjúkrunarheimili.



Elías og Guðbjartur takast í hendur eftir undirskriftina.

Bolungarvíkurkaupstaður mun nú láta hanna og byggja húsnæði fyrir hjúkrunarheimili fyrir aldraða í sveitarfélaginu, í samræmi við nágildandi kröfur hins opinbera um stærð, aðbúnað og gæði húsnæðisins. Hjúkrunarheimilið verður eign sveitarfélagsins en samningurinn, sem er til 40 ára,

tryggir 85% hlutdeild ríkisins í leigu á húsnæðinu allan samningstímann, en á móti kemur 15% framlag sveitarfélagsins.

Í samningunum er gert ráð fyrir að verkefnið verði fjármagnað af Íbúðalánasjóði, en reiknað er með að heildarkostnaður verði innan við 290 milljónir króna. Hjúkrun-

arheimilið kemur til með að gjörbreyta aðstöðu þjónustuþegar- og starfsfólk, en dæmi eru um að einstaklingar á öldrunardeildinni séu í herbergjum sem telja einungis örfáa fermetra.

Á fundi ríkisstjórnarinnar sem haldin var á Ísafirði í apríl 2011 var ákveðið að leita eftir sam-

starfi við Bolungarvíkurkaupstað um endurbyggingu hjúkrunarheimilis í þorpínu, en þá láu fyrir hugmyndir heimamanna um endurbyggingu og betrubót á núverandi aðstöðu. Horfið var frá þeirri hugmynd að endurbyggingu gamla heimilið og í kjölfarið kom þessi hugmynd.

Þakklátur fyrir gott samstarf við ráðuneytið

„Bæjarstjórnin hefur staðið algerlega einhuga að þessu verkefni og öll höfum við verið sammála um að fara þessa leið. Ráðuneytið hefur einnig unnið í mjög góðu samstarfið með okkur. Þetta var nauðsynlegt þar sem kröfurnar við gerð svona byggingar hafa aukist verulega. Betri aðbúnaður

er í boði en áður og þetta verður gríðarleg breyting fyrir þjónustuþega og starfsfólkið,“ sagði Elías Jónatansson bæjarstjóri í Bolungarvík við undirskrift byggingu á hjúkrunarheimili í Bolungarvík.

Elías sagði hjúkrunarheimilið standast allar þær kröfur sem

gerðar eru til annarra hjúkrunarheimila. „Það verður í alla staði jafn vel útbúið og önnur hjúkrunarheimili sem ríkisstjórnin er að byggja annarsstaðar,“ sagði Elías, sem var ánægður með þátt Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra í samningaviðræðunum. „Guðbjartur lagði áherslu á

að hér yrði ekki farið hálf leið, heldur alla leið, og fyrir það er ég þakklátur. Mjög gott samstarf myndaðist á milli ráðuneytisins og bæjarins.

Að sögn Elíasar er stefnt að því að klára byggingu hjúkrunarheimilisins fyrir lok næsta árs. Hinsvegar hafi verkáætlun ekki

enn verið gerð. „Á næstunni mun bæjarstjórn skipa byggingarnefnd verksins. Framkvæmdasýsla ríkisins kemur að þessu og verður með faglegt eftirlit og sér til þess að við uppfyllum það sem uppfylla skal. Framkvæmdin er engu að síður á vegum sveitarfélagsins.“ – *gudmundur@bb.is*

Sælkeri vikunnar er Stefanía Birgisdóttir í Bolungarvík

Grafin villibráð

Þegar ég fór að hugsa um hvaða uppskrifum ég ætti að deila með lesendum BB. Þá var erfitt að velja en þetta er ekki heil matreiðslubók, þannig að ég þurfti að velja úr. Fyrir vainu var grafin hrefna og eða svartfugl.

Kryddblanda

- 3 msk. salt
- 2 msk. sykur
- 2 msk. timjan
- 4 msk. villibráðarkrydd
- 2 msk. steinselja
- 2 tsk. svartur pipar
- 2 tsk. rósapipar

Aðferð:

Veltið kjötinu upp úr kryddblöndunni setjið farg á kjötið og geymið í ísskápnum í 1 til 2 daga. Gott er að snúa kjötinu

og hella vökvanum af. Skerið í þunnar sneiðar, gott að skera half frosið. Með hrefnunni hef ég tvenns konar sósar hvítlauksósú og bláberjasósu

Bláberjasósa

- 4 msk. bláberjasulta
- 2 msk. sítrónusafi
- 2 dl. ólivíuolía
- 2 tsk. balsamik
- 2 dl. bláber
- salt og pipar

Allt hrært saman nema bláberin þau eru sett út í síðast. Borið fram með brauði, sósu og salati.

Ég ætla að gefa uppskrift af sósu sem passar vel með steiktum gellum og steiktum fiski.

Fiskisósa

Saxið ca. einn lauk, 2–3 hvítlauksrif, ½ -1 rautt chilli (ekki fræin). Allt mýkt í smjöri í potti. Bætt 2 tsk. karrý og 2 msk. mango chutney.

Næst er eitt box af piparrjómaosti sett út í og tveir fiskiteningar. Þynnt með mjólk eða rjóma, salt og pipar. Sósan er síuð og borin fram með fiskinum.

Að lokum kemur eftirétturinn, frosin ostaterta.

Botn

- Lu bastone kex mulið
- Ca 150 gr. smjör

Fylling

- 300 gr. rjómaostur
- 130 gr. flórsykur
- 1 tsk. vanilludropar



5 dl. rjómi þeyttur

Ofan á

- 150 gr. sýrður rjómi
- 3 pk. Rolo eða 3 stk. Mars

Aðferð:

Setjið smjörpappír á botninn á 24–26 cm smelluformi. Myljið kexið og blandið smjöri saman við og setjið í botninn. Hrærið rjómaost flórsykur og vanilludropa saman, blandið þeytta

rjómanum saman við og setjið blönduna ofaná botninn og sléttið. Bræðið sýrða rjómann og súkkulaðið varlega saman í vatnsbaði, kælið aðeins og breiðið yfir ostablönduna. Frystið.

Berið kökuna fram hálf-frostna.

Verði ykkur að góðu!

Ég skora á Einar Guðmundsson að vera sælkeri vikunnar í næsta blaði.



ÞÚ GÆTIR DOTTIÐ Í LUKKUPVOTTINN!

Í völdum 2 kg pökkum af **MILT** þvottadufti eru lukkumiðar sem innihalda glæsilega vinninga.

Kauptu MILT þvottaduft og þú gætir dottið í lukkuvottinn!

Whirlpool þvottavél og Philips straujárn frá Heimilistækjum, veglegir balar með frábærum þvotta- og hreinsiefnum eða inneign í Skemmtigarðinn í Smáralind.

MILT

mjöll frigg

Án ofnæmisvaldandi efna

Án efna sem sitja eftir í tauinu

Sérþróað fyrir íslenskt vatn